

Borgarstjórinn í Reykjavík
Tjarnargata 11
101 Reykjavík

Erindi: Leiðrétting á tillögu matsnefndar vegna umsóknar Nauthólsvegar 83 hses. um stofnframlag frá Reykjavíkurborg.

Á fundi borgarráðs þann 9. maí 2019 var eftirfarandi stofnframlag samþykkt vegna Nauthólsvegar 83:

- ✓ Áætlað heildarstofnvirði þeirra verkefna sem umsóknin nær til nemur kr. 3.435.717.203 og 12% stofnframlag sem sótt er um frá Reykjavíkurborg nemur kr. 338.500.000 í formi byggingaréttar. Stofnframlag rúmast innan fjárheimilda skv. fjárhagsáætlun Reykjavíkurborgar hvað varðar efnahag og sjóðstreymi. Verði umsóknin samþykkt fellur kr. 338.500.000 stofnframlag til á árinu 2019. Verði umsókn samþykkt þá verður stofnframlag veitt í formi byggingaréttar, sbr. heimild 1. mgr. 14. gr. laga um almennar íbúðir.

Vegna misritunar var samþykkt stofnframlag ekki í samræmi við 12% af stofnvirði framkvæmdar og því er farið á leit við borgarráð að samþykkja neðangreinda leiðréttingu.

- ✓ Áætlað heildarstofnvirði þeirra verkefna sem umsóknin nær til nemur kr. 3.435.717.203 og 12% stofnframlag sem sótt er um frá Reykjavíkurborg nemur kr. **412.286.064** í formi byggingaréttar. Stofnframlag rúmast innan fjárheimilda skv. fjárhagsáætlun Reykjavíkurborgar hvað varðar efnahag og sjóðstreymi. Verði umsóknin samþykkt fellur kr. **412.286.064** stofnframlag til á árinu 2019. Verði umsókn samþykkt þá verður stofnframlag veitt í formi byggingaréttar, sbr. heimild 1. mgr. 14. gr. laga um almennar íbúðir. Reykjavíkurborg mun ekki krefjast endurgreiðslu andvirðis stofnframlagsins.

Birgir Björn Sigurjónsson

Berglind Magnúsdóttir

Harri Ormarsson

Guðlaug S. Sigurðardóttir

Karl Einarsson og Ólöf Marín Úlfarsdóttir, starfsmenn nefndarinnar